

Alþingi
Erindi nr. D 140/2027
komudagur 3.5.2012

Ljótastöðum 26.04.2012

Til: Atvinnuveganefndar Alþingis

Efni: Umsögn vegna Rammaáætlunar.

Ég undirrituð er sauðfjárbóndi á Ljótastöðum í Skaftártungu í Skaftárhreppi og á hluta þess lands sem færi undir miðlunarlón fyrirhugaðrar Búlandsvirkjunar og einnig vatnsréttindi í Tungufljóti. Nánar tiltekið á ég 2 ferkm. af undirlendi meðfram Fljótinu og svo grasi grónar brekkurnar upp hina svokölluðu Ljótastaðaheiðarbrún sem halda á vatninu að vestanverðu.

Mig langar að þakka fyrir þessi tvö tækifæri sem ég hef fengið til að koma skoðunum mínum á framfæri og vil núna hnykkja á þeirri bjargföstu skoðun minni sem ég greindi frá í fyrra umsagnarferlinu að Búlandsvirkjun eigi hvergi heima nema í verndarflokki innan Rammaáætlunar. Einnig ætla ég með eftirtöldum rökstuðningi að bæta því við að Hólmsárviðrun sem flokkuð er í biðflokk í drögum að Rammaáætlun ætti líka að færast upp í verndarflokk.

Land Ljótastaða liggur allt í yfir 200 m hæð yfir sjó og landið inn með Tungufljóti vestanverðu er láglendasta beitiland jarðarinnar og því algerlega nauðsynlegt til að geta haldið þar búskap í núverandi mynd. Sömu sögu er að segja um afganginn af lónstæðinu austan við Tungufljót. Lónstæðið er einfaldlega 9,2 ferkm. af grónu landi, ákaflega mikilvægu beitilandi fyrir sauðfé Skaftártungubænda. Skaftártungan er blómlegt landbúnaðarhérað á landsvísu með fjölda sauðfjár, um 5.500 vetrarfóðraða gripi Sumarheit þessa sauðfjár hefur fram að þessu verið sjálfbær. Beitiland er fullnýtt og skiptist beitarálag á heimalönd í Skaftártungu, Skaftártunguafreitt, Ljótastaðaheiði og Búlandsheiði. Heiðarnar tvær eru í einkaeign en teljast upprekstrarlönd með afrétti og lúta sömu lögmálum og hann við sleppingar á vorin og smalamennskur á haustin. Ef beitilandið minnkar og verður hálendara með tilkomu miðlunarlónsins mun gróður á afrétti ekki þola sama fjárfjölda og erfitt er að koma auga á raunhæfar mótvægisáðgerðir gegn því. Meðalaldur starfandi bænda í Skaftártungu er miðað við landsmeðaltal lágur eða 46 ár og ég stórefa að þeir séu tilbúnir til að draga saman seglin í sínum fjárbúskap. Í heiminum í dag er land sem nýtt er til matvælaframleiðslu talið ákaflega mikilvægt og ekki þarf að fjölyrða um nauðsyn þess að þjóð búi við fæðuöryggi.

Gert er ráð fyrir árstíðarbundnum sveiflum í yfirborðsstærð miðlunarlónsins um 3,3 ferkm. og það fjöruborð fengi því tækifæri til að fjúka yfir byggðina og heiðarlöndin, til viðbótar við það jökulleirfok úr Skaftá sem lengi hefur verið vandamál. Ekki þarf lengi að horfa yfir Eldhraunið til að sjá hvað stöðugt sand- og leirfok hefur mikinn eyðingarmátt á gróður.

Tungufljót er vatnsmikil bergvatnsá, veiðia og náttúrperla sem myndi tapa stórum hluta vatnsmagns síns í lónið og hætta er á að í það fari stundum jökulvatn um yfirfall úr lóninu. Slik meðferð á tærri bergvatnsá brýtur einnig í bága við æskilega heimsmynd nútímans.

Ferðaðjónusta er mjög vaxandi atvinnugrein í Skaftárhreppi og hún og landbúnaðurinn eru hér algerar undirstöðuatvinnugreinar. Ég tel að virkjanir með stórkostlegum umhverfisáhrifum, miðlunarlónum, stíflumannvirkjum, flutningslínunum, stöðvarhúsum o.fl. á þessu svæði verði stórskaðlegar fyrir ferðaðjónustuna. Skammtímaatvinnuinnspýting á uppbyggingartímanum og fasteignagjöld til sveitarfélagsins munu ekki geta réttlætt þann skaða, né heldur fórnir á jörðum og bændum í Skaftártungu.

Þótt ég eigi ekki beinna hagsmuna að gæta aðlútandi Hólmsárvirkjun er mitt mat sem íbúi í Skaftárhreppi að hún eigi líka með tilliti til umhverfisverndar og nýtingar á landi að fara í verndarflokk í Rammaáætlun. Það land sem þar fer undir vatn er nýtt til sauðfjárbæjar og þar með matvælaframleiðslu. Stór hluti þess lands er skógi vaxinn og þar er um að ræða aldagamlan villtan birkiskóg sem hefur þraukað mörg Kötlugos og aðra óáran og haldið lífi í sauðfé Skaftártungubænda og Álftveringa í gegnum aldirnar meðan treyst var á beit á vetrum. Eftir að vetrararbeit lagðist af hefur skógurinn hækkað og stækkað. Að drekkja skógi á Íslandi gengur alveg þvert á alla umræðu nútímans um endurheimt gróðurlendis og ræktun skóga.

Skaftárhreppur er landsvæði þar sem eru mikil tækifæri í landbúnaði og óþrjótandi tækifæri í ferðaðjónustu og ég bendi á að Vatnajökulsþjóðgarður, sem af stjórnvöldum er skilgreindur þjóðhagslega hagkvæmt verkefni, var mjög nýlega stækkaður í Skaftárhreppi. Ein af leiðunum inn í Vatnajökulsþjóðgarð liggur um Fjallabaksleið nyrðri rétt framhjá fyrirhuguðu miðlunarlóni Búlandsvirkjunar. Á þeirri leið eru einnig Lambaskarðshólar í anddyri þjóðgarðsins. Þar reka nú heimamenn ferðaðjónustu og samrýmast ýmsar fyrirhleðslur og önnur mannvirki tengd fyrirhugaðri virkjun varla þeim náttúruverndarsjónarmiðum sem liggja að baki stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs.

Það er alveg ljóst að ef af þessari framkvæmd á að verða mun þurfa að fara í stórfellt eignarnám. Ég mun aldrei selja land eða vatn undan Ljótastöðunum til virkjanaframkvæmda og ég veit fyrir víst að fleiri landeigendur og vatnsréttarhafar í Skaftártungu eru sama sinnis. Suðurorka ehf. er sammingslaus með öllu við vatnsréttarhafa við Tungufljót og landeigendur að Búlandsseli.

Það er algerlega mín skoðun að Skaftárhreppur sé svæði sem er best komið án virkjana. Svæði sem ber að vernda gegn slíkum framkvæmdum, en nýta sem best til framleiðslu matvæla, og til ferðaðjónustu, hvort tveggja á þann sjálfbæra hátt sem hingað til hefur tíðkast og gefist vel.

Virðingarfyllst

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir Ljótastöðum Skaftártungu.